

ÁHÆTTUMAT VEGNA PENINGAÞVÆTTIS OG FJÁRMÖGNUNAR HRYÐJUVERKA

ERLENDIR LÖGAÐILAR OG
ERLENDIR FJÁRVÖRSLUSJÓÐIR

UPPFÆRSLA — DESEMBER 2025



RLS

Ríkislögreglustjóri

ÁHÆTTUFLOKKUN MATSPÁTTA	4
1. INNGANGUR	5
2. SKRÁNINGARFORM ERLENDRA LÖGAÐILA OG KERFISKENNITÖLUR	6
3. ERLENDIR LÖGAÐILAR OG ÚTIBÚ ERLENDRA LÖGAÐILA	8
4. ERLENDIR FJÁRVÖRSLUSJÓÐIR OG HLIÐSTÆÐUR	12

ÁHÆTTUFLOKKUN MATSPÁTTA

Niðurstöður áhættuflokkunar á þeim matspáttum sem teknir voru til skoðunar í þessari uppfærslu má sjá hér. Ítarlega umfjöllun um hvorn matspátt má finna í köflunum sem á eftir fylgja.

LÍTIL
MIÐLUNGS
VERULEG
MIKIL
Starfsemi félaga
2025

Erlendir lögaðilar og útibú erlendra lögaðila

Erlendir fjárvörslusjóðir og hliðstæður



1. INNGANGUR

Með breytingarlögum nr. 81/2024 voru gerðar breytingar á 4. gr. laga nr. 140/2018 er varða framkvæmd og tíðni áhættumats stjórnvalda vegna peningabættis og fjármögnunar hryðjuverka. Áður var kveðið á um að áhættumat stjórnvalda samkvæmt ákvæðinu skyldi framkvæmt og uppfært að lágmarki á tveggja ára fresti. Með lagabreytingunni var þetta tímabil lengt í fjögur ár.

Jafnframt er gert ráð fyrir að áhættumatið sé uppfært, að hluta eða í heild, eftir því sem tilefni er til, og að afstaða til mögulegrar uppfærslu skuli tekin eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti.

Með þessu er unnt að endurmeta afmarkaða áhættuþætti innan gildandi áhættumats þegar aðstæður gefa tilefni til, svo sem ef nýjar upplýsingar koma fram um aukna eða breytta áhættu. Ríkislögreglustjóri, sem ber ábyrgð á framkvæmd áhættumatsins, skal taka afstöðu til þess hvort þörf sé á uppfærslu.

Áhættumat vegna peningabættis og fjármögnunar hryðjuverka var síðast gefið út í desember 2023 og skal, samkvæmt lögum, uppfært árið 2027. Samkvæmt framangreindu skal þó tekin afstaða til þess hvort þörf sé á uppfærslu eigi síðar en árið 2025. Í ljósi þess hefur ríkislögreglustjóri ákveðið að slík uppfærsla taki til tveggja nýrra kafla, annars vegar um erlenda lögaðila og hins vegar um erlenda fjárvörslusjóði. Þessir áhættuþættir tengjast tilmælum FATF nr. 24 og 25 og hafa ekki áður verið metnir sérstaklega í áhættumatinu.

2. SKRÁNINGARFORM ERLENDRA LÖGAÐILA OG KERFISKENNITÖLUR

Á Íslandi geta erlendir lögaðilar verið skráðir með tvenns konar hætti, annars vegar sem útibú erlendra félaga í fyrirtækjaskrá og hins vegar með úthlutun kerfiskennitölu í svonefnda utangarðsskrá.

Ólíkar kröfur eru gerðar til erlendra lögaðila sem skráðir eru í fyrirtækjaskrá annars vegar og utangarðsskrá hins vegar, sem leiðir til ólíkrar áhættu í tengslum við peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

Útibú erlendra félaga lúta skýrum reglum samkvæmt lögum nr. 2/1995 um hlutafélög og nr. 138/1994 um einkahlutafélög. Við stofnun útibús er krafist ítarlegrar skráningar þar sem tilgreina þarf útibússtjóra og upplýsingar um erlenda félagið. Útibú fær kennitölu líkt og innlendir lögaðilar og ber að tilkynna um raunverulega eigendur skv. lögum nr. 82/2019 um raunverulega eigendur, auk þess sem ber að tilkynna allar breytingar á skráðum upplýsingum. Þannig ber útibúum erlendra lögaðila að fylgja sömu lögum og reglum og innlendum lögaðilum. Við skráningu erlendra útibúa krefst fyrirtækjaskrá staðfestingar á gögnum frá heimalandi í formi skráningarvottorðs og má það ekki vera eldra en þriggja mánaða til að tryggja áreiðanleika og rekjanleika upplýsinganna.

Aðrir erlendir lögaðilar fá úthlutað kerfiskennitölu og eru skráðir í utangarðsskrá, á grundvelli laga nr. 17/2003 um fyrirtækjaskrá. Kerfiskennitölu er úthlutað til að gera viðkomandi félögum kleift að eiga afmörkuð samskipti við íslensk stjórnvöld eða fjármálastofnanir, til dæmis vegna skattalegra skyldna eða bankaviðskipta. Ekki er sérstök löggjöf um kerfiskennitölur né utangarðsskrá og heldur fyrirtækjaskrá ekki skrá yfir raunverulega eigendur þessara félaga, né yfir stjórnendur eða flokkun þeirra eftir atvinnugrein.

Beiðni um kerfiskennitölu fyrir erlendan lögaðila kemur almennt frá þriðja aðila, yfirleitt tilkynningarskyldum aðila eins og fjármálastofnun, lögmönnum eða endurskoðendum. Í beiðni til fyrirtækjaskrár um kerfiskennitölu staðfesta tilkynningarskyldir aðilar að áreiðanleikakönnun, hafi farið fram á þessum erlenda lögaðila, samkvæmt lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka nr. 140/2018 (ppl). Tilkynningarskyldum aðilum ber að afla upplýsinga um raunverulega eigendur og sannreyna þær áður en beiðni er send til fyrirtækjaskrár um kerfiskennitölu. Gögn um áreiðanleikakönnun skal varðveita í fimm ár eftir að samningssambandi lýkur samkvæmt ppl. Skatturinn getur einnig sent inn beiðni um kerfiskennitölu fyrir erlendan lögaðila, en sú kennitala er eingöngu notuð vegna skattgreiðslna.

Þannig er meginmunur á skráningarformunum að í fyrirtækjaskrá er haldið miðlægt utan um viðtækar upplýsingar um hvern lögaðila. En í utangarðsskrá er takmarkaðri upplýsingaöflun og gögnin aðeins varðveitt hjá þriðja aðila og almennt ekki aðgengileg öðrum, þ.m.t. gögn um raunverulega eigendur. Þannig hafa opinberir aðilar og almenningur aðgang að upplýsingum úr fyrirtækjaskrá en almennt ekki úr utangarðsskrá. Lögregla og eftirlitsaðilar geta hins vegar fengið aðgang að upplýsingum og gögnum úr utangarðsskránni. Þá geta tilkynningaskyldir aðilar fengið aðgang að upplýsingum.

Þetta fyrirkomulag felur í sér að eftirlit erlendra lögaðila er fyrst og fremst í höndum tilkynningarskyldra aðila sem bera ábyrgð á framkvæmd áreiðanleikakannana. Þó má nefna að fyrirtækjaskrá geymir upprunalegt skráningarvottorð lögaðilans frá tilkynningarskyldum aðilum.

Í utangarðsskrá eru sjö ólíkir flokkar erlendra lögaðila, eins og sjá má í töflu 1. Fjöldi kerfiskennitalna í utangarðsskrá skýrist af því að hún er nauðsynleg forsenda t.d. við stofnun bankareikninga og greiðslu skatta, sem er ólíkt því sem viðgengst í löndunum í kringum okkur.

FJÖLDI ERLENDRA LÖGAÐILA EFTIR REKSTRARFORMI*

Tafla 1

Heiti rekstrarforms	2025
Fyrirtækjaskrá	
Útibú erlends félags	93
Utangarðsskrá	
Erlent félag/fyrirtæki, v/bankaviðskipta	1.243
Erlent félag/fyrirtæki, v/bankaviðskipta m/takmarkaða ábyrgð	1.288
cfc-félag / bankaviðskipti	2
cfc-félag m/takmarkaða ábyrgð	25
Erlent félag í rafrænni þjónustu v/vsk	190
Erlent félag í rafrænni þjónustu v/ vsk / bankaviðskipta.	10

*Virk félög þann 13.11.2025

3. ERLENDIR LÖGAÐILAR OG ÚTIBÚ ERLENDRA LÖGAÐILA

ÁHÆTTUFLOKKUN



ALMENNT

Mikilvægt er að gera skýran greinarmun á ólíkum rekstrarformum þegar kemur að því að meta áhættu af erlendum lögaðilum, enda getur áhættan á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka verið mismunandi eftir skráningarformi. Þetta stafar m.a. af því að erlend útibú eru skráð í fyrirtækjaskrá Skattsins en aðrir erlendir lögaðilar eru skráðir í utangarðsskrá eftir að hafa fengið úthlutað kerfiskennitölu, eins og fjallað var um í kafla 1.

Hér verður sjónum beint annars vegar að erlendum útibúum, sem skráð eru í fyrirtækjaskrá, og hins vegar að erlendum félögum með takmarkaða ábyrgð sem skráð eru í utangarðsskrá. Önnur rekstrarform erlendra lögaðila eru talin fela í sér óverulega áhættu á peningaþvætti.

Fjöldi erlendra útibúa hefur farið hægt vaxandi frá árinu 2021 og voru 93 í nóvember 2025, en fjöldi erlendra félaga með takmarkaða ábyrgð var 1.288. Samtals eru erlendir lögaðilar sem hér eru til skoðunar 1.381 talsins. Til samanburðar má benda á að innlendir lögaðilar eru um 70 þúsund árið 2025.

ÓGN

Margar af þeim ógnum sem eiga við um einkahlutafélög, eins og fjallað er um í áhættumatinu frá 2023, eiga einnig við um erlend útibú og erlenda lögaðila með takmarkaða ábyrgð. Aftur á móti verður að líta til þess að fjöldi erlendra lögaðila hér á landi er aðeins um 2% af heildarfjölda skráðra lögaðila á Íslandi í lok árs 2025.

Áhætta á peningaþvætti eykst þó eftir því sem efnahagsleg tengsl erlendra lögaðila við Ísland eru sterkari. Til að meta slíka tengingu sérstaklega er litið til þess hvort lögaðilar reki útibú hér á landi, haldi fasteign eða velti umfangsmiklum fjármunum. Sé miðað við skilgreiningu Evrópusambandsins er velta lítills fyrirtækis undir 10 milljónum evra eða í kringum 1,5 milljarðar íslenskra króna á ári. Því eru lögaðilar með veltu umfram það viðmið sérstaklega til skoðunar.

Fjöldi erlendra útibúa er tæplega 100 árið 2025, þar af er ekkert útibú í eigu aðila frá áhættusömu ríki samkvæmt alþjóðlegum viðmiðum.^{1/2} Sex erlend útibú eru með skráða fasteign hér á landi samkvæmt gögnum Húsnæðis og mannvirkjastofnunar (HMS). Þar af eru tvær með fasteignamat undir fjórum milljónum króna, þrjár með fasteignamat milli 70-100 milljóna króna og einungis ein með hærra mat en 100 milljónir króna. Sex útibú voru með veltu yfir 1,5 milljarða króna árið 2024, þar af tvö með yfir 10 milljarða króna veltu.

Aðeins níu af þeim 1.288 erlendu lögaðilum með takmarkaða ábyrgð, sem eru skráðir í utangarðsskrá í lok árs 2025, koma frá áhættusömum ríkjum. Samkvæmt gögnum HMS eru fimm aðilar sem eiga samtals sjö fasteignir á Íslandi. Þar af er aðeins einn aðili frá áhættusömu ríki sem á eina fasteign. Eignin hefur verið í eigu þess aðila í rúm 15 ár, án lántöku eða breytinga á eignarhaldi. Aðeins 64 erlendir lögaðilar með takmarkaða ábyrgð voru með veltu yfir 1,5 milljarði króna árið 2024 og jafngildir þetta um 5% af heildarfjölda þeirra. Þar af var aðeins einn skráður í áhættusömu ríki, en sá fékk kerfiskennitölu árið 2023.

Það er því ljóst að efnahagsleg umsvif erlendra lögaðila á Ísland eru óveruleg þegar á heildina er litið.

Við nánari könnun á ógn erlendra lögaðila er notast við gögn lögreglu. Skrifstofu fjármálagreininga lögreglu (SFL) bárust átta tilkynningar um mögulegt peningaþvætti er varða erlenda lögaðila á árunum 2021-2023, en engar síðan þá. Þetta jafngildir að meðaltali minna en 0,06% af fjölda erlendra lögaðila ár hvert. Allar tilkynningarnar vörðuðu lögaðila með takmarkaða ábyrgð. Til samanburðar má nefna að SFL bárust tilkynningar um 1.884 innlenda lögaðila í heildina á sama tímabili eða að jafnaði 0,5% allra innlendra lögaðila. Í kjölfar skoðunar á tilkynningunum var fimm þeirra lokað af SFL, þar sem ekki þótti tilefni til frekari greiningar. Þrjár tilkynningar voru teknar til nánari greiningar og sendar viðeigandi stjórnvöldum til frumrannsóknar. Málunum var í kjölfarið lokað án frekari aðgerða.

¹ SME definition. Evrópusambandið. Sótt 30. október 2025.

² Yfirlýsing FATF vegna ósamvinnuþýðra ríkja frá október 2025. Skatturinn. Sótt 30. október 2025.

³ Jurisdictions under increased monitoring – 24 October 2025. FATF. Sótt 30. október 2025.

Þá voru aðeins þrjú mál skráð í kerfi lögreglu (Löke) á árunum 2021-2025 sem tengjast þeim erlendu lögaðilum sem hér eru til skoðunar, þar af voru tvö umferðarlagabrot og eitt brot vegna skorts á atvinnuleyfi.⁴

VEIKLEIKAR OG MILDANDI ÞÆTTIR

Eins og fram hefur komið er fjöldi erlendra lögaðila sem hér eru til skoðunar lítill í samanburði við fjölda innlenda aðila og aðeins níu erlendir lögaðilar eru frá ríkjum sem skilgreind eru sem áhættusöm.

Þeir veikleikar sem fylgja erlendum lögaðilum fara að verulegu leyti eftir því hvoru skráningarkerfinu þeir tilheyra. Þeir lögaðilar sem skráðir eru sem útibú hjá fyrirtækjaskrá þurfa að fylgja sömu lögum og reglum og innlendir lögaðilar. Þar er ítarlegum upplýsingum aflað, þær geymdar miðlægt og eru aðgengilegar stjórnvöldum og almenningi. Regluverk sem gildir fyrir lögaðila á utangarðsskrá er hins vegar veikara, en þar er upplýsingaöflun minni en hjá þeim sem skráðir eru í fyrirtækjaskrá og liggur aðeins hjá þeim sem sækja um kerfiskennitöluna fyrir hinn erlenda lögaðila en ekki í miðlægum gagnagrunni. Af því leiðir að gagnsæi og rekjanleiki er meiri hjá þeim aðilum sem skráðir eru í fyrirtækjaskrá en hjá þeim sem skráðir eru í utangarðsskrá.

Aðilar sem skráðir eru í fyrirtækjaskrá lúta opinberu eftirliti. Eftirlit með erlendum lögaðilum sem skráðir eru í utangarðsskrá er hins vegar fyrst og fremst í höndum þeirra aðila sem sækja um kerfiskennitölu fyrir þá. Oftast eru það fjármálastofnanir, Skatturinn, endurskoðendur eða lögmenn sem annast slíkar umsóknir, og má gera ráð fyrir að áreiðanleikakannanir og eftirlit þeirra sé í samræmi við áhættuna, enda er áhættuvitund þeirra talin góð. Eftirlit með því að tilkynningarskyldir aðilar uppfylli þessa skyldu er í höndum Skattsins og Seðlabankans samkvæmt lögum nr. 140/2018. Aðgengi að upplýsingum um raunverulega eigendur er þó takmarkaðra í tilvikum þeirra aðila sem skráðir eru í utangarðsskrá, og geta þessir aðilar verið nýttir til að fela eignarhald eða yfirfæra það til landa með takmarkað gagnsæi. Flestir erlendir aðilar á Íslandi tengjast starfsemi innan EES eða löndum sem lúta skýru regluverki, sem er sambærilegt og hér á landi, um skráningu- og upplýsingaskyldu, en mjög lítil hluti kemur frá lögsögum með takmarkað gagnsæi.

Til mildandi þáttu má nefna að yfirvöld geta fengið upplýsingar um raunverulegan eiganda frá systurstofnunum sínum erlendis. Þá er fyrirtækjaskrá Skattsins aðili að BORIS (Beneficial Owners Registers Interconnection System), sem er evrópskur vettvangur sem tengir saman skrár EES-ríkjanna, um raunverulega eigendur. Markmið þess er að auðvelda og flýta fyrir upplýsingaskiptum milli ríkja, efla gagnsæi í eignarhaldi lögaðila og styðja við aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Þó ber að hafa í huga að upplýsingar eru enn misaðgengilegar og af mismiklum gæðum eftir löndum, sem getur takmarkað möguleika til sannprófunar.

⁴ Tvö önnur lögglumál voru skráð í tengslum við erlenda lögaðila með ótakmarkaða ábyrgð. Þau voru bæði vegna umferðarlagabrots.

Upplýsingar um raunverulega eigendur útibúa erlendra lögaðila hér á landi, sem skráð eru í fyrirtækjaskrá er miðlað til eftirlitsaðila í öðrum EES-ríkjum í gegnum BORIS. Einnig geta eftirlitsaðilar hér á landi og fyrirtækjaskrá eftir atvikum nálgast upplýsingar um raunverulega eigendur erlendra lögaðila frá öðrum EES-ríkjum, m.a. þeirra sem eru á utangarðsskrá hér á landi, í gegnum BORIS.

ÁHÆTTUFLOKKUN

LÍTIL

Mið hliðsjón af framangreindu telst áhætta af peningapvætti tengd erlendum lögaðilum vera lítil.

4. ERLENDIR FJÁRVÖRSLUSJÓÐIR OG HLIÐSTÆÐUR

ÁHÆTTUFLOKKUN



ALMENNT

Fjárvörslusjóðir eru ekki skilgreindir í íslenskum lögum og er ekki hægt að stofna þá hér. Þó má finna ákveðnar hliðstæður, svo sem sjálfseignarstofnanir og sjóði, þar sem eignir eru aðskildar frá eiganda og ráðstafað samkvæmt fyrirfram skilgreindum tilgangi. Nánar er fjallað um þetta í áhættumatinu frá 2023.

Erlendir fjárvörslusjóðir eru skráðir á grundvelli laga nr. 17/2003. Þeir eru, líkt og innlend einkahlutafélög og erlend útibú, skráðir í fyrirtækjaskrá, en ekki utangarðsskrá eins og erlendir lögaðilar.

ÓGN

Fjárvörslusjóði er hægt að misnota í tengslum við peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, sérstaklega þegar þeir eru stofnaðir í lögsögum með takmörkuðu gagnsæi og lélegri upplýsingaskyldu um raunverulega eigendur. Slíkt fyrirkomulag getur gert það mögulegt að fela eignarhald og færa fé milli aðila án fullnægjandi rekjanleika.

Einn erlendur fjárvörslusjóður er skráður á Íslandi í dag. Hann var skráður árið 2023 og við skráningu hans var framkvæmd áreiðanleikakönnun í samræmi við lög. Sjóðurinn á óverulegar eignir hér á landi.

Hvorki hefur SFL borist tilkynningar um mögulegt peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka er varða erlenda fjárvörslusjóði né eru skráð mál í kerfum lögreglu.

VEIKLEIKAR OG MILDANDI ÞÆTTIR

Engin eiginleg löggjöf er um fjárvörslusjóði á Íslandi. Hins vegar er fjallað um skráningu og skyldur erlendra fjárvörslusjóða í lögum nr. 17/2003, nr. 82/2019 og 140/2018. Skráning slíkra sjóða fer fram eftir samskipti þeirra við tilkynningar-skylda aðila, t.d. fjármálastofnun, og fá þeir í kjölfarið kerfiskennitölu, en eru skráðir í fyrirtækjaskrá. Við skráninguna þurfa þeir að gefa upp skráningar-vottorð frá upprunalandi og upplýsingar um raunverulega eigendur ásamt því sem gerð er áreiðanleikakönnun. Upplýsingar um raunverulega eigendur erlendra fjárvörslusjóða eru aðgengilegar eftirlitsaðilum. Þess má geta að í tengslum við eftirlit og athuganir mála er erlendum fjárvörslusjóðum skylt að láta eftirlitsaðilum í té nauðsynleg gögn og upplýsingar, skv. ppl. Þá er þeim skylt að uppfæra skráðar upplýsingar eftir þörfum.

Íslensk yfirvöld hafa aðgengi að upplýsingum um raunverulega eigendur frá erlendum systurstofnunum, eins og fram kom í kafla 2. Þrátt fyrir það eru upplýsingarnar misaðgengilegar og af mismiklum gæðum eftir löndum. Í einhverjum tilvikum er t.d. ekki um að ræða miðlæga skrá yfir raunverulega eigendur, sem takmarkar möguleika til sannprófunar. Upplýsingar um raunverulega eigendur erlendra fjárvörslusjóða hér á landi, sem skráð eru í fyrirtækjaskrá er miðlað til eftirlitsaðila í öðrum EES-ríkjum í gegnum BORIS. Einnig geta eftirlitsaðilar hér á landi og fyrirtækjaskrá nálgast upplýsingar um raunverulega eigendur erlendra fjárvörslusjóða frá öðrum EES-ríkjum í gegnum BORIS.

Í ljósi lítils umfangs erlendra fjárvörslusjóða á Íslandi er áhættuvitund og eftirlit talin góð.

ÁHÆTTUFLOKKUN**LÍTIL**

Með hliðsjón af framangreindu telst áhætta af peningabætti tengd erlendum fjárvörslusjóðum vera lítil.

